

Fimmtudaginn 3. febrúar 1994.

Nr. 51/1994.

Elcon hf.

(Björn Jónsson hdl.)

gegn

Skipabrautinni hf.

(Kristján Stefánsson hrl.)

Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti. Aðfinnslur. Kæruheimild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. janúar sl., er barst réttinum ásamt kærugögnum 29. janúar sl. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til b-liðar 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á mál-ið, eins og það lá fyrir að lokinni aðalmeðferð 2. desember 1993. Þá krefst hann kærumálskostnaðar in solidum úr hendi varnaraðila og lögmanns hans, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns.

Varnaraðili krefst þess, að kærumálinu verði vísað frá Hæstarétti. Jafnframt krefst hann kærumálskostnaðar.

Mál það, er aðilar reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, var dómtekið 2. desember 1993 að loknum aðalflutningi, en endurupptekið 11. janúar sl. með vísan til 104. gr. laga nr. 91/1991. Í hinum kærða úrskurði er því lýst, að héraðsdómi hafi eftir dómtöku 2. desember borist yfirlýsing frá lögmanni varnaraðila með fullyrðingum um ágreiningsefni málsins. Af þeim sökum taldi dómariinn rétt að gefa aðilum kost á að upplýsa frekar staðreyndir málsins. Beindi dómariinn því til lögmanna aðila að leiða fyrir dóminn tiltekin vitni.

Úrskurður héraðsdómara um gagnaöflun samkvæmt 104. gr. laga nr. 91/1991 og frestun málsins ex officio vegna hennar sætir ekki kæru til Hæstaréttar samkvæmt XXIV. kafla laga nr. 91/1991. Ber því að vísa kærumálinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Um hliðstætt kæru efni var dæmt í Hæstarétti 5. nóvember 1993 í málinu nr. 403/1993. Er kára þessa máls því ófyrirsynju og ámælisverð.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Elcon hf., greiði varnaraðila, Skipabrautinni hf., 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. janúar 1994.

Við aðalflutning málsins komu fram yfirlýsingar forsvarsmanna aðila um staðreyndir málsins sem stönguðust á. Engin vitni voru leidd. Eftir dómtöku barst dóminum frá lögmanni stefnda yfirlýsing, undirrituð af þremur mönnum, með tilteknum fullyrðingum um það hvernig staðið hefði verið að verki því sem deilt er um greiðslu fyrir og stangast þessi fullyrðing á við það sem stefnandi heldur fram um málsatvik og reisir málsókn sína á.

Af þessum ástæðum telur dómurinn að staðreyndir málsins séu ekki nægilega ljósar og telur rétt að gefa aðilum kost á að upplýsa þær betur. Beinir dómurinn því þar með til lögmanns stefnanda að hann leiði fyrir dóminn sem vitni þá tvo starfsmenn stefnanda sem sagðir eru hafa unnið verkið, Eirík Þórarinsson og Lúðvík Guðjónsson. Enn fremur gefur hann lögmanni stefnda kost á að leiða þau þrjú vitni sem undirritað hafa framangreinda yfirlýsingu, Helga S. Sigurðsson, Kristín Ármannsson og Jóhannes Jóhannesson.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Mál þetta er endurupptekið með vísan til 104. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnanda er gefinn kostur á að leiða sem vitni Eirík Þórarinsson og Lúðvík Guðjónsson.

Stefnda er gefinn kostur á að leiða sem vitni Helga S. Sigurðsson, Kristín Ármannsson og Jóhannes Jóhannesson.